

Landsbankinn hf.
vt. Helga Björk Eiríksdóttir formaður bankaráðs
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2016

Efni: Upplýsingabeiðni vegna sölu Landsbankans hf. á 31,2% eignarhlut í Borgun hf.

Vísað er til samskipta Bankasýslu ríkisins og Landsbankans hf. undanfarna mánuði vegna sölu hans á 31,2% eignarhlut í Borgun hf.

Bankasýslu ríkisins hefur borist erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 28. apríl sl., varðandi framangreint mál. Þar er óskað eftir, í ljósi fyrri samskipta og munnglegra og skriflegra fyrirspurna sem heint hefur verið til fjármála- og efnahagsráðherra um málið á Alþingi, að ráðuneytinu verði gerð grein fyrir stöðu málsins og til hvaða úrræða hefur verið gripið vegna þess, bæði af hálfu stofnunarinnar sem og bankans sjálfs.

Bankasýsla ríksins vill af þessu tilefni óska eftir frekari upplýsingum frá bankanum vegna málsins.

1. Óskað er eftir afriti af verðmati bankans á 31,2% eignarhlutum í Borgun sem lagt var fyrir bankaráð áður en ákvörðun var tekin um sölu og/eða verðmati því sem útbúið var innan bankans áður en ákvörðun var tekin um að taka tilboði í eignarhlutinn.
2. Ef formlegt verðmat var ekki lagt fyrir bankaráð eða útbúið innan bankans áður en ákvörðun um sölu var tekin er óskað eftir afriti af öllum þeim gögnum sem lýstu verðmati bankans á eignarhlutunum og lögð voru fyrir bankaráð áður en ákvörðun var tekin um að taka tilboði í eignarhlutinn.
3. Óskað er eftir upplýsingum um hvort bankinn hafi undir höndum eða upplýsingar um annað verðmat á Borgun, sem gert/gerð voru fyrir sölu bankans á 31,2% eignarhlut í Borgun og af öðrum aðilum. Ef svo er, þá er óskað eftir upplýsingum hver framkvæmdi slíkt verðmat og hverjar voru niðurstöður þess.
4. Óskað er eftir upplýsingum um hvort til skoðunar hafi komið að setja fyrirvara í kaupsamning um auknar greiðslur til seljanda við verðmætaukningu félagsins (e. earn-out clause), þegar bankinn átti í samningsviðræðum við kaupendur að 31,2% eignarhlut í Borgun. Ef slíkt kom til skoðunar þá er óskað eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna slíkur fyrirvari var ekki gerður.

5. Óskað er eftir upplýsingum um hvort nýtt bankaráð telji að lokið sé athugunum á málinu innan bankans og hvort gripið hafi verið til nægilegra úrræða af hálfu bankans til að auka traust og trúverðuleika hans. Ef svo er ekki og bankaráð telji þörf á frekari athugunum þá er óskað eftir nánari upplýsingum sem og hvort bankaráð hafi sett sér einhver tímamörk varðandi slíka athugun.

Óskað er eftir þessum upplýsingum eigi síðar en 18. maí.

Virðingarfyllst,



Lárus L. Blöndal
Formaður stjórnar



Jón G. Jónsson
Forstjóri